

## Verklagsreglur fyrir starfsemi leikskóla í Sveitarfélaginu Vogum

---

### *Umsókn*

Forráðamönnum er heimilt að sækja um leikskóladvöl þegar barn er orðið 6 mánaða.

Leikskólinn er ætlaður börnum á aldrinum tveggja til sex ára.

Forsenda þess að barni sé úthlutað leikskóladvöl er að það eigi lögheimili í Sveitarfélaginu Vogum, þó er heimilt að sækja um leikskóladvöl fyrir börn með lögheimili utan sveitarfélagsins.

Umsóknareyðublöð má nálgast á skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, leikskólanum og á heimasíðu leikskólans, <http://www.leikskolinn.is/sudurvellir/> Umsóknum skal skila á bæjarskrifstofu Sveitarfélagsins Voga eða á leikskólann.

### *Meðhöndlun umsóknar - úthlutun*

Börn sem eiga lögheimili í Sveitarfélaginu Vogum á úthlutunardegi ganga fyrir börnum sem eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum.

Á meðan barn er á biðlista eiga forráðamenn rétt á því að fá upplýsingar um hvar á biðlistanum barnið er statt.

Forráðamönnum er sent bréf þegar barn fær leikskóladvöl. Dvöl er háð því skilyrði að forráðamenn skuldi ekki leikskólagjöld vegna eldra systkinis.

Þegar leikskóladvöl hefur verið veitt og tilkynnt formlega hafa forráðamenn 10 daga umhugsunarfrest, eftir það er barnið tekið af biðlista.

Dagsetning umsóknar ræður því að öllu jöfnu hvenær barn fær úthlutað leikskóladvöl.

### *Dvalarsamningur*

Við upphaf leikskólagöngu skrifa foreldrar undir dvalarsamning sem m.a. kveður á um dvalartíma, fæðiskaup o.fl.

Óski foreldrar eftir breytingum á dvalarsamningi sækja þeir um það hjá leikskólastjóra á þar til gerðum eyðublöðum.

### *Forgangur*

Sveitarfélagið Vogar áskilur sér rétt til að meta eftirfarandi hópa og veita börnum sem við á forgang á leikskóladvöl umfram önnur börn. Hægt er að sækja um forgang vegna eftirtalinna aðstæðna:

- Fötluð börn, börn með þroskafrávik og/eða seinkaðan þroska

- Börn sem búa við erfiðleika í félagsumhverfi
- Börn einstæðra foreldra
- Börn starfsfólks í leikskóla
- Börn í elsta árgangi leikskóla

Þegar sótt er um forgang þarf að leggja fram vottorð er staðfesta ofangreind skilyrði.

### *Gjaldskrá*

Gjaldskrá Sveitarfélagsins Voga er að finna á vefslóðinni [www.vogar.is](http://www.vogar.is)

Leikskólagjöld greiðast fyrirfram. Gjaldagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 14 dögum síðar.

Ef barn er ekki sótt á tilskildum tíma greiða foreldrar viðbótargjald samkvæmt gjaldskrá. Gjaldið er innheimt eftir á með leikskólagjöldum næsta mánaðar.

Hægt er að fá niðurfellingu á fæðiskostnaði ef nemandi er fjarverandi tvær vikur samfellt eða lengur, tilkynna þarf með fyrirvara.

### *Uppsögn*

Segja skal upp leikskóladvöl skriflega á þar til gerðum eyðublöðum sem nálgast má hjá leikskólastjóra.

Uppsagnarfrestur foreldra/forráðamanna er einn mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar.

Ef foreldrar skulda þrjú mánuði vegna leikskólagjalda er barninu sagt upp leikskóladvöl með hálf mánaðar fyrirvara.

### *Annað*

Leikskólastjóri úthlutar leikskóladvöl í samræmi við reglugerð þessa.

Röðun á biðlista er háð reglum þessum og því mögulegt að barn færist jafnt fram sem og aftur á biðlistanum allt eftir samsetningu hans.